

Bærinn okkar - Kópavogur

Aníta, Bryndís, Erika og Kinga



Hvað er hægt að gera í Kópavogi

Ef það er gott veður er gaman að fara út að hjóla, hlaupa eða labba. Þú gætir til dæmis farið í Kópavogsdal, Fossvogsdala eða í sund í góða veðrinu.



Ef þú ætlar í sund í Kópavogi getur þú farið í Kópavogslaug, Salalaug eða Sundlaugin boðaping. Það kostar 950kr fyrir fullorðna eða fólk frá aldrinum 18 - 66 ára. Það er frítt í sund fyrir börn yngri en 18, öryrkja og fyrir 67 ára og eldri.



Þú getur farið að versla, í bío og fengið þér að borða í Smáralindinni.



Ef þú villt frekar eiga rólegan dag í Kópavogi getur þú farið í Gerðasafn eða Bókasafn Kópavogs. Gerðasafn er með frábæra aðstöðu og æðislega list. Á Bókasafn Kópavogs getur þú sest niður og notið þess að lesa góða bók. Bókasafn Kópavogs er mjög vel sett upp og er Náttúrufræðistofa Kópavogs á neðri hæðinni.




Ef þú ert með krakka gæti verið gaman að fara á leikvöll í Kópavogsdal og eða Fossvogsdal. Rush er skemmtigarður fyrir krakka og unglinga.



Árlegir atburðir

Það er fjölskyldustund í menningarhúsum í Kópavogum á hverjum laugardegi.



Aðventuhátíð er haldin fyrstu helgina í aðventu með jóladagskrá, jólaþorpi og tendrun jólaljósa.



Barnamenningarhátíðin er haldin handa börnum og ungmönnum með fræðslu og listsköpun.



CYCLE er listahátíð sem fer fram í Salnum, Gerðasafni og víðar um Kópavog.



17 júní hátíðarhöldin fara fram með margvíslegum hætti í Kópavogi. Boðið er upp á skruðgöngu og fjölbreytta hátíðar- og skemmtidagskrá á Rútstúni.




Menning

Núverandi sýning Gerðasafns Útlína samanstendur af verkum úr safneign Gerðarsafns allt frá árinu 1950 og til dagsins í dag.



Hvað er að óttast? Menning á miðvikudögum sem fer fram í Menningarhúsum Kópavogs alla miðvikudaga Viðburðurinn er öllum opin og er aðgangur ókeypis.



Í upphafi aðventu er hin árvissa aðventuhátíð Kópavogsbæjar haldin hátíðlega og fagnað við Menningarhúsin í Kópavogi fyrstu helgina í aðventu með jóladagskrá, jólaþorpi og tendrun jólaljósa.



Sumarnámskeið í náttúrufræðum er haldin á hverju ári í náttúrufræði stofuna Kópavogs. Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu í náttúrufræðum og veita þáttakendum innsýn í vísindaleg vinnubrögð. Farið verður í vettvangsferðir rannsakað vatna- og fjörulífríki í Kópavogi og nágrenni. Á rannsóknastofu verða sýni mæld og skoðuð í smásjá og haldnar vinnubækur.



Safnið Kópavogs er hluti af Menningarhúsum Kópavogs og er aðalsafn þess í Hamraborg 6a. Starfsemin er fjölbreytt tekið er á móti hópum allt árið og meðal fastra liða á bókasafninu eru t.d sögustundir, fyrirlestrar, leshringir og handavinnuklúbbur.



Hvert er hægt að fara í Kópavogi

Það er margt að gera í Kópavogi eins og að fara á Kaffihús, eitt af algengustu kaffihúsum í Kópavogi er Te & Kaffi sem er staðsett í Hamraborg 10 og Hagasmára 1.



Það er líka mjög gott að fá sér ís á Brynju ís, YoYo ferskur jógúrt ís, Álfurinn ísbúð og Ísbúð Vesturbæjar. Þú getur fengið sér vegan ís hjá Brynju en við persónulega mælum ekki með.



Það er fullt af veitingastöðum í Kópavogi, ég mun ekki nefna öll en þessi eru 5 algengastu: Bangkok Take Away, TGI Friday's, Kínahofið - Veitingahús, Íslenska Flatbakan og Italiano Pizzeria.



Bíó er góður staður til þess að fara með vinum, hafa gaman og horfa á skemmtilega mynd. Smárabíó er staðsett í Smáralindini og það er eina bíóið í Kópavogi.

